**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/2619** **2025/EES/28/29**

**frá 8. október 2024**

**um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir fosetýl, kalíumfosfónöt og dínatríumfosfónat í eða á tilteknum afurðum** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([1]), einkum a-lið 1. mgr. 14. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í A-hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 voru fastsett hámarksgildi leifa fyrir fosetýl, kalíumfosfónöt og dínatríumfosfónat.

2) Framkvæmdastjórnin óskaði eftir því að Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) framkvæmdi endurskoðun á öllum fyrirliggjandi hámarksgildum leifa fyrir fosetýl, kalíumfosfónöt og dínatríumfosfónat í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005. Þar eð þessi þrjú virku efni brotna niður í fosfónsýru þótti rétt að meta leifar þeirra saman.

3) Auk notkunar á kalíumfosfónötum sem virkum efnum í plöntuverndarvörur eru þau einnig innihaldsefni í öðrum vörum sem skipta máli í landbúnaði (t.d. áburður, plöntustyrkingarvörur, húsdýraáburður, jarðvegsbætir). Þess vegna geta leifar fosfónsýru greinst í viðeigandi landbúnaðarafurðum eftir leyfða meðhöndlun plantna með slíkum vörum og rétt þykir að hafa í huga þátt slíkrar annarrar notkunar en við plöntuvernd þegar viðeigandi hámarksgildi leifa eru fastsett. Því fór framkvæmdastjórnin fram á það við Matvælaöryggisstofnunina, í samræmi við 43. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, að hún skilaði rökstuddu áliti um sameiginlega endurskoðun á hámarksgildum leifa fyrir fosetýl, kalíumfosfónöt og dínatríumfosfónat, einnig að teknu tilliti til leifa frá öðrum upptökum en notkun á plöntuverndarvörum.

4) Matvælaöryggisstofnunin lagði fram rökstutt álit um sameiginlega endurskoðun á hámarksgildum leifa fyrir fosetýl, dínatríumfosfónat og kalíumfosfónöt í samræmi við 1. mgr. 12. gr. og 43. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 ([2]). Í áliti sínu lagði hún til að vegna framfylgdar yrði skilgreiningunni á leifum breytt fyrir virku efnin þrjú úr „Fosetýl-al (summa fosetýls, fosfónsýru og salta þeirra, gefin upp sem fosetýl)“ í „fosfónsýra og sölt hennar, gefin upp sem fosfónsýra“ og lagði til ný hámarksgildi leifa sem byggjast á þeirri skilgreiningu á leifum. Framkvæmdastjórnin telur að rétt sé að ákvarða þessa nýju skilgreiningu á leifum og að fastsetja hámarksgildi leifa til samræmis við gildið sem Matvælaöryggisstofnunin hefur greint.

5) Fulltrúar opinberra rannsóknastofa og stjórnenda matvælafyrirtækja upplýstu framkvæmdastjórnina um að leifar móðurefnisins fosetýls gætu fundist í sumum nytjaplöntum við tilteknar aðstæður og að ef fjarlægja ætti fosetýl úr skilgreiningunni á leifum vegna framfylgdar fyrir virku efnin þrjú hefði það þær ótilætluðu afleiðingar að staðlað hámarksgildi leifa sem nemur 0,01 mg/kg gilti um þessar leifar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/2619, 9.10.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2025 frá 14. mars 2025 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2005/396/oj.

([2]) „Reasoned opinion on the joint review of maximum residue levels (MRLs) for fosetyl, disodium phosphonate and potassium phosphonates according to Articles 12 and 43 of Regulation (EC) No 396/2005“ (*Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2021 19(8), 6782).

6) Þess vegna ætti ekki að taka tillit til niðurstaðna um fosetýl og staðlað gildi sem nemur 0,01 mg/kg skv. b-lið 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 gildir ekki. Hámarksgildi leifa fyrir umbrotsefni þess fosfónsýru gildir.

7) Tilvísunarrannsóknarstofur Evrópusambandsins tóku fram að tæknilega sé hægt að ná eftirfarandi magngreiningarmörkum: 0,1 mg/kg í plöntuefnivið með mikið vatns- og sýruinnihald, 0,2 mg/kg í fituríkum plöntuefnivið og þurrum plöntuefnivið með mikið sterkjuinnihald, 0,05 mg/kg í mjólk, 0,2 mg/kg í fitu og 0,5 mg/kg í lifur, nýru og vöðva. Samt sem áður taldist rétt, í ljósi þrávirkni leifa þessara efna og hugsanlegs fjölda upptaka leifa, að viðhalda gildandi lægsta hámarksgildi leifa við 2 mg/kg, lagað að gildinu 1,5 mg/kg til að taka tillit til endurskoðaðrar skilgreiningar á leifum. Fyrir te, kaffi, jurtate, kakó og Jóhannesarbrauð er lægsta hámarksgildi leifa sem nemur 20 mg/kg viðeigandi til að taka tillit til fyrirkomu fosfónsýru frá slíkum öðrum upptökum.

8) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að tilteknar upplýsingar vantaði um hámarksgildi leifa fyrir appelsínur, greipaldin, epli, perur, ananas, aldin plantna af graskersætt með óætu hýði og þurrkaðar ertur og að því væri þörf á frekari athugun áhættustjórnenda að því er varðar hvort hægt sé að fastsetja þessi hámarksgildi leifa eða ekki. Þar eð engin áhætta er fyrir hendi fyrir neytendur ætti að fastsetja þessi hámarksgildi leifa. Hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir verða því endurskoðuð; í endurskoðuninni verður tekið tillit til upplýsinga sem verða tiltækar innan tveggja ára frá birtingu þessarar reglugerðar.

9) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að tilteknar upplýsingar vantaði um vöktunargögn að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir döðlur, fíkjur, gullappelsínur, stjörnualdin, jövuplómur, litkaber, píslaraldin, kaktusfíkjur, stjörnuepli, persimónur/Virginíu-kakí, papæjualdin, morgunberkjur, gvövur, brauðaldin, dáraaldin, nónberkjur, kassavarætur, mjölrótarhnýði, örvarrætur, ætihnúða, nípur, steinseljurætur, hafursrætur, gulrófur, næpur, okrur, vínviðarlauf og áþekkar tegundir, brunnperlu, ferskar baunir (án fræbelgs), ferskar linsubaunir, salatþistla, sellerí, fenníkur, bambussprota, pálmakjarna, mosa og fléttur, þörunga og dreifkjörnungslífverur, þurrkaðar linsubaunir, þurrkaðar ertur, þurrkaðar lúpínubaunir, ólífufræ, olíupálmakjarna, olíupálmaaldin, dúnviðaraldin, bygg, maís, hirsi, hafra, dúrru, kaffibaunir, jurtate (úr blómum, rótum), kakóbaunir, jóhannesarbrauð, krydd (börkur, rætur og jarðstönglar, blómhnappa, frævur, frækápur), sykurrófurætur og sykurreyr og að því væri þörf á frekari athugun áhættustjórnenda að því er varðar hvort hægt sé að fastsetja þessi hámarksgildi leifa eða ekki. Þar eð engin áhætta er fyrir hendi fyrir neytendur ætti að fastsetja þessi hámarksgildi leifa. Hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir verða endurskoðuð; í endurskoðuninni verður tekið tillit til upplýsinga sem verða tiltækar innan fimm ára frá birtingu þessarar reglugerðar.

10) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að tilteknar upplýsingar vantaði um vinnslurannsóknir á úrgangi frá vinnslu og þurrkað mauk að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir kartöflur og að því væri þörf á frekari athugun áhættustjórnenda að því er varðar hvort hægt sé að fastsetja þetta hámarksgildi leifa eða ekki. Þar eð engin áhætta er fyrir hendi fyrir neytendur ætti að fastsetja þetta hámarksgildi leifa. Hámarksgildi leifa fyrir kartöflur verður endurskoðað; í endurskoðuninni verður tekið tillit til upplýsinga sem verða tiltækar innan tveggja ára frá birtingu þessarar reglugerðar.

11) Í rökstuddu áliti sínu mælti Matvælaöryggisstofnunin ekki með sértækum hámarksgildum leifa fyrir flokkana „annað“ í hinum ólíku flokkum plöntu- og dýraafurða. Í ljósi þrávirkni leifa þessara efna og hugsanlegs fjölda upptaka leifa þykir því rétt að fastsetja þessi hámarksgildi leifa við lægsta hámarksgildi leifa sem gildir um eina af afurðunum í sama vöruflokki.

12) Að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir „náttskuggaætt og stokkrósaætt, annað“ upplýsti eitt aðildarríki framkvæmdastjórnina um að leyfi fyrir fosetýli fyrir flokkinn aldingrænmeti af náttskuggaætt sé í gildi á sínu yfirráðasvæði. Af þessum sökum þykir rétt að fastsetja það hámarksgildi leifa við 70 mg/kg til samræmis við það.

13) Að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir „salat og salatplöntur, annað“ upplýsti eitt aðildarríki framkvæmdastjórnina um að leyfi fyrir þessum efnum fyrir flokkinn salat og salatplöntur sé í gildi á sínu yfirráðasvæði. Af þessum sökum þykir rétt að fastsetja það hámarksgildi leifa við 150 mg/kg til samræmis við það.

14) Í rökstuddu áliti sínu mælti Matvælaöryggisstofnunin ekki með sértækum hámarksgildum leifa fyrir flokkana „ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)" í hinum ólíku flokkum dýraafurða. Til að tryggja að þessi hámarksgildi leifa séu fastsett við raunhæf gildi þykir rétt að fastsetja þau við hæsta hámarksgildi leifa sem gildir um eina af afurðunum í sama vöruflokki.

15) Í rökstuddu áliti sínu mælti Matvælaöryggisstofnunin ekki með sértækum hámarksgildum leifa fyrir flokkinn „önnur alin landdýr". Þar eð þessi hámarksgildi leifa eru yfirleitt fastsett við sömu gildin og fyrir flokkinn „nautgripir" er því er viðeigandi að fastsetja þessi hámarksgildi leifa til samræmis við það.

16) Þar eð engin áhætta greindist fyrir neytendur ætti að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir fosetýl, kalíumfosfónöt og dínatríumfosfónat í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005.

17) Meðan á mati á fosetýli, dínatríumfosfónati og kalíumfosfónötum stóð skv. 1. mgr. 12. gr. og 43. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 og áður en tillögð ný skilgreining á leifum vegna framfylgdar var lagalega staðfest voru lagðar fram nokkrar umsóknir skv. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 þar sem óskað var eftir breytingum á gildandi hámarksgildum leifa fyrir fosetýl, kalíumfosfónöt og dínatríumfosfónat varðandi sítrusávexti, apríkósur, kirsuber, plómur, blaðbeðjur, jurtate úr blöðum og kryddjurtum og hunang.

18) Viðkomandi aðildarríki lögðu mat á þessar umsóknir í samræmi við 8. og 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 og sendu matsskýrslurnar til framkvæmdastjórnarinnar.

19) Matvælaöryggisstofnunin lagði mat á umsóknirnar og matsskýrslurnar. Hún rannsakaði einkum áhættu fyrir neytendur og, þar sem við átti, fyrir dýr og skilaði rökstuddum álitum um tillögð hámarksgildi leifa ([3]). Hún sendi rökstudd álit sín til umsækjenda, framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna og gerði þau aðgengileg almenningi.

20) Í rökstuddum álitum sínum komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að gögnin sem umsækjandinn lagði fram um þessi virku efni í apríkósum væru ófullnægjandi til að fastsetja nýtt hámarksgildi leifa. Að því er varðar aðrar afurðir komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að þörf væri á athugunum varðandi áhættustjórnun til að fastsetja viðeigandi hámarksgildi leifa í ljósi skilgreiningar á leifum vegna framfylgdar sem komið var á. Þar eð Matvælaöryggisstofnunin lagði til að skilgreiningunni á leifum yrði breytt vegna framfylgdar fyrir virku efnin þrjú úr „Fosetýl-al (summa fosetýls, fosfónsýru og salta þeirra, gefin upp sem fosetýl)" í „fosfónsýra og sölt hennar, gefin upp sem fosfónsýra" þykir rétt að fastsetja ný hámarksgildi leifa sem byggjast á þeirri skilgreiningu á leifum.

21) Auk þess lagði Matvælaöryggisstofnunin til í tilteknum rökstuddum álitum sínum mismunandi hámarksgildi leifa fyrir sömu afurðina þar eð mötin voru framkvæmd samhliða og byggðust á ólíkum góðum starfsvenjum í landbúnaði og gagnasöfnum. Þess vegna óskaði framkvæmdastjórnin eftir fleiri leiðbeiningum frá Matvælaöryggisstofnuninni um viðeigandi hámarksgildi leifa sem skal íhuga fyrir fosetýl, kalíumfosfónöt og dínatríumfosfónat í tilvikum þar sem ólík gildi voru fengin í mismunandi rökstuddum álitum og með tilliti til nýrrar skilgreiningar á leifum vegna framfylgdar, „fosfónsýra og sölt hennar, gefin upp sem fosfónsýra", sem Matvælaöryggisstofnunin lagði til. Matvælaöryggisstofnunin var einnig beðin um að endurmeta hámarksgildi leifa fyrir fosetýl í kíví (græn, rauð, gul) sem nýlega var fastsett með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1324 ([4]) í ljósi tillagðrar nýrrar skilgreiningar á leifum.

([3]) „Reasoned Opinion on the modification of the existing MRLs for potassium phosphonates in lemons, limes and mandarins and in herbal infusions from leaves and herbs" (*Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2021 19(6), 6673).
„Reasoned Opinion on the modification of the existing maximum residue levels for fosetyl/phosphonic acid in citrus fruits resulting from the use of potassium phosphonates" (*Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2021 19(11), 6926).
„Reasoned Opinion on the modification of the existing maximum residue levels for fosetyl/phosphonic acid in chards/beet leaves and honey resulting from the use of potassium phosphonates" (*Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2022 20(1), 6992).
„Reasoned Opinion on the modification of the existing maximum residue levels for fosetyl/phosphonic acid in apricots, cherries and plums resulting from the use of potassium phosphonates" (*Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2022 20(1), 7106).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1324 frá 28. júlí 2022 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir bensóvindíflúpýr, boskalíð, fenasakín, flúasífóp-P, flúpýradífúrón, flúxapýroxað, fosetýl-al, ísófetamíð, metaflúmísón, pýraklóstróbín, spírótetramat, þíabendasól og tólklófosmetýl í eða á tilteknum afurðum (Stjtíð. ESB L 200, 29.7.2022, bls. 68, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2022/1324/oj).

22) Matvælaöryggisstofnunin lagði fram vísindalega yfirlýsingu ([5]) um hámarksgildi leifa fyrir fosetýl, dínatríumfosfónat og kalíumfosfónöt í samræmi við 31. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 ([6]) fyrir allar afurðir sem falla undir viðkomandi rökstudd álit, að undanskildum apríkósum þar sem Matvælaöryggisstofnunin hafði áður komist að þeirri niðurstöðu að framlögð gögn væru ófullnægjandi til að fastsetja nýtt hámarksgildi leifa.

23) Í yfirlýsingu sinni komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að allar kröfur um gögn varðandi breytingar á hámarksgildum leifa fyrir þessi efni, sem umsækjendur óskuðu eftir fyrir sítrusávexti, kirsuber, plómur, blaðbeðjur, jurtate úr blöðum og kryddjurtum og hunang, hefðu verið uppfylltar og að slíkar breytingar væru viðunandi að því er varðar öryggi neytenda, á grundvelli mats fyrir 27 sérstaka evrópska neytendahópa á váhrifum sem neytendur verða fyrir. Matvælaöryggisstofnunin tók tillit til nýjustu upplýsinga um eiturefnafræðilega eiginleika efnanna. Hvorki þótti sýnt að ævilöng váhrif af völdum efnanna vegna neyslu á öllum matvælum, sem geta innihaldið þau, né skammtímaváhrif vegna mikillar neyslu á viðkomandi afurðum skapi hættu á að farið yrði yfir ásættanlega daglega inntöku eða viðmiðunarskammt bráðrar eitrunar.

24) Síðan var önnur umsókn lögð fram skv. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 þar sem óskað var eftir breytingum á gildandi hámarksgildum leifa fyrir þessi virku efni varðandi blaðlauka og vorlauka/pípulauka.

25) Viðkomandi aðildarríki lagði mat á þessa umsókn í samræmi við 8. og 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 og sendi matsskýrsluna til framkvæmdastjórnarinnar.

26) Matvælaöryggisstofnunin lagði mat á umsóknina og matsskýrsluna. Hún rannsakaði einkum áhættu fyrir neytendur og, þar sem við átti, fyrir dýr og skilaði rökstuddu áliti um tillögð hámarksgildi leifa ([7]). Hún sendi rökstutt álit sitt til umsækjandans, framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna og gerði það aðgengilegt almenningi.

27) Í rökstuddu áliti sínu komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að allar kröfur um gögn varðandi breytingar á hámarksgildum leifa fyrir þessi efni, sem umsækjandinn óskaði eftir, hefðu verið uppfylltar og að slíkar breytingar væru viðunandi að því er varðar öryggi neytenda, á grundvelli mats fyrir 27 sérstaka evrópska neytendahópa á váhrifum sem neytendur verða fyrir. Matvælaöryggisstofnunin tók tillit til nýjustu upplýsinga um eiturefnafræðilega eiginleika efnanna. Hvorki þótti sýnt að ævilöng váhrif af völdum efnanna vegna neyslu á öllum matvælum, sem geta innihaldið þau, né skammtímaváhrif vegna mikillar neyslu á viðkomandi afurðum skapi hættu á að farið yrði yfir ásættanlega daglega inntöku eða viðmiðunarskammt bráðrar eitrunar.

28) Á grundvelli rökstuddra álita og yfirlýsingar Matvælaöryggisstofnunarinnar og að teknu tilliti til þeirra þátta sem skipta máli, sem eru skráðir í 2. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, er komist að þeirri niðurstöðu að tillagðar breytingar á hámarksgildum leifa séu viðunandi.

29) Samráð hefur verið haft við viðskiptaaðila Sambandsins, fyrir milligöngu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, um ný hámarksgildi leifa og tillit hefur verið tekið til athugasemda þeirra.

30) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 396/2005 til samræmis við það.

31) Að því er varðar öll virk efni sem falla undir þessa reglugerð og til að koma megi við eðlilegri markaðssetningu, vinnslu og neyslu afurða ætti í þessari reglugerð að kveða á um umbreytingarfyrirkomulag vegna afurða sem voru settar á markað í Sambandinu áður en hámarksgildum leifa var breytt og þar sem öflugri neytendavernd er viðhaldið.

---

([5]) „Scientific statement on the maximum residue levels for potassium phosphonates“ (*Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2022 20(7), 7400).

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stjtíð. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2002/178/oj).

([7]) „Reasoned Opinion on the modification of the existing maximum residue levels in leeks and spring onions/green onions/Welsh onions resulting from the use of potassium phosphonates“ (*Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2023 21(5), 8033).

32) Áður en breytt hámarksgildi leifa taka gildi ætti að veita hæfilegan frest svo að aðildarríkin, þriðju lönd og stjórnendur matvælafyrirtækja geti búið sig undir að uppfylla þær nýju kröfur sem leiða af þessum breytingum.

33) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð (EB) nr. 396/2005, eins og sú reglugerð var áður en henni var breytt með þessari reglugerð, gildir áfram um afurðir sem voru settar á markað í Sambandinu fyrir 29. apríl 2025.

*3. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 29. apríl 2025.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. október 2024.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

*VIÐAUKI*

Ákvæðum II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt sem hér segir:

1) Í II. viðauka er eftirfarandi dálkum bætt við fyrir fosetýl og fosfónsýru:

**„Varnarefnaleifar og hámarksgildi leifa (mg/kg)**

| Kenninúmer | Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um ([a]) | Fosetýl | Fosfónsýra og sölt hennar, gefin upp sem fosfónsýra (R) |
|---|---|---|---|
| 1) | 2) | 3) | 4) |
| 0100000 | **NÝ eða FRYST ALDIN, TRJÁHNETUR** | (+) | |
| 0110000 | **Sítrusávextir** | (+) | **100** |
| 0110010 | Greipaldin | (+) | (+) |
| 0110020 | Appelsínur | (+) | (+) |
| 0110030 | Sítrónur | (+) | |
| 0110040 | Súraldin | (+) | |
| 0110050 | Mandarínur | (+) | |
| 0110990 | Annað (2) | (+) | |
| 0120000 | **Trjáhnetur** | (+) | |
| 0120010 | Möndlur | (+) | **1 000** |
| 0120020 | Parahnetur | (+) | **400** |
| 0120030 | Kasúhnetur | (+) | **400** |
| 0120040 | Kastaníuhnetur | (+) | **1 000** |
| 0120050 | Kókoshnetur | (+) | **400** |
| 0120060 | Heslihnetur | (+) | **1 000** |
| 0120070 | Goðahnetur | (+) | **400** |
| 0120080 | Pekanhnetur | (+) | **400** |
| 0120090 | Furuhnetukjarnar | (+) | **400** |
| 0120100 | Pistasíuhnetur | (+) | **1 000** |
| 0120110 | Valhnetur | (+) | **1 000** |

| 1) | 2) | 3) | 4) |
|---|---|---|---|
| 0120990 | Annað (2) | (+) | **400** |
| 0130000 | **Kjarnaávextir** | (+) | **70** |
| 0130010 | Epli | (+) | (+) |
| 0130020 | Perur | (+) | (+) |
| 0130030 | Kveði | (+) | |
| 0130040 | Trjámispilsaldin | (+) | |
| 0130050 | Dúnepli/japansplómur | (+) | |
| 0130990 | Annað (2) | (+) | |
| 0140000 | **Steinaldin** | (+) | |
| 0140010 | Apríkósur | (+) | **60** |
| 0140020 | Kirsuber (sæt) | (+) | **8** |
| 0140030 | Ferskjur | (+) | **60** |
| 0140040 | Plómur | (+) | **8** |
| 0140990 | Annað (2) | (+) | **8** |
| 0150000 | **Ber og smá aldin** | (+) | |
| 0151000 | a) **Þrúgur** | (+) | |
| 0151010 | Vínber til neyslu | (+) | 100 |
| 0151020 | Vínþrúgur | (+) | **150** |
| 0152000 | b) **Jarðarber** | (+) | **70** |
| 0153000 | c) **Klungurber** | (+) | |
| 0153010 | Brómber | (+) | **200** |
| 0153020 | Daggarber | (+) | **80** |
| 0153030 | Hindber (rauð og gul) | (+) | **200** |
| 0153990 | Annað (2) | (+) | **80** |
| 0154000 | d) **Önnur smá aldin og ber** | (+) | |
| 0154010 | Aðalbláber | (+) | **150** |
| 0154020 | Trönuber | (+) | **1,5** (*) |

| 1) | 2) | 3) | 4) |
|---|---|---|---|
| 0154030 | Sólber og rifsber (rauð og hvít) | (+) | **150** |
| 0154040 | Stikilsber (græn, rauð og gul) | (+) | **150** |
| 0154050 | Rósaldin | (+) | **1,5** (*) |
| 0154060 | Mórber (svört og hvít) | (+) | **1,5** (*) |
| 0154070 | Eplaþyrniber/Miðjarðarhafstrjámispilsaldin | (+) | 50 |
| 0154080 | Ylliber | (+) | **60** |
| 0154990 | Annað (2) | (+) | **1,5** (*) |
| 0160000 | **Ýmis aldin með** | (+) | |
| 0161000 | a) **Ætu hýði** | (+) | |
| 0161010 | Döðlur | (+) | **1,5** (*) **(+)** |
| 0161020 | Fíkjur | (+) | **1,5** (*) **(+)** |
| 0161030 | Ólífur til átu | (+) | **80** |
| 0161040 | Gullappelsínur | (+) | **3(+)** |
| 0161050 | Stjörnualdin | (+) | **1,5** (*) **(+)** |
| 0161060 | Gallaldin | (+) | 50 |
| 0161070 | Jövuplómur | (+) | **1,5** (*) **(+)** |
| 0161990 | Annað (2) | (+) | **1,5** (*) |
| 0162000 | b) **Óætu hýði, lítil** | (+) | |
| 0162010 | Kíví (græn, rauð, gul) | (+) | **150** |
| 0162020 | Litkaber | (+) | **1,5** (*) **(+)** |
| 0162030 | Píslaraldin | (+) | **20(+)** |
| 0162040 | Kaktusfíkjur | (+) | **1,5** (*) **(+)** |
| 0162050 | Stjörnuepli | (+) | **1,5** (*) **(+)** |
| 0162060 | Persimónur/Virginíu-kakí | (+) | **1,5** (*) **(+)** |
| 0162990 | Annað (2) | (+) | **1,5** (*) |
| 0163000 | c) **Óætu hýði, stór** | (+) | |
| 0163010 | Lárperur | (+) | **50** |
| 0163020 | Bananar | (+) | **1,5** (*) |

| 1) | 2) | 3) | 4) |
|---|---|---|---|
| 0163030 | Mangó | (+) | **1,5** (*) |
| 0163040 | Papæjualdin | (+) | **3 (+)** |
| 0163050 | Granatepli | (+) | **70** |
| 0163060 | Morgunberkjur | (+) | **1,5** (*) **(+)** |
| 0163070 | Gvövur | (+) | **1,5** (*) **(+)** |
| 0163080 | Ananas | (+) | **20 (+)** |
| 0163090 | Brauðaldin | (+) | **1,5** (*) **(+)** |
| 0163100 | Dáraaldin | (+) | **1,5** (*) **(+)** |
| 0163110 | Nónberkjur | (+) | **1,5** (*) **(+)** |
| 0163990 | Annað (2) | (+) | **1,5** (*) |
| 0200000 | **NÝTT eða FRYST GRÆNMETI** | (+) | |
| 0210000 | **Rótar- og hnýðisgrænmeti** | (+) | |
| 0211000 | a) **Kartöflur** | (+) | **150 (+)** |
| 0212000 | b) **Hitabeltisrótar- og hnýðisgrænmeti** | (+) | **1,5** (*) |
| 0212010 | Kassavarætur | (+) | (+) |
| 0212020 | Sætar kartöflur | (+) | |
| 0212030 | Mjölrótarhnýði | (+) | (+) |
| 0212040 | Örvarrætur | (+) | (+) |
| 0212990 | Annað (2) | (+) | |
| 0213000 | c) **Annað rótar- og hnýðisgrænmeti, að sykurrófum undanskildum** | (+) | |
| 0213010 | Rauðrófur | (+) | **1,5** (*) |
| 0213020 | Gulrætur | (+) | **1,5** (*) |
| 0213030 | Hnúðsillur/hnúðsellerí | (+) | **6** |
| 0213040 | Piparrót | (+) | **150** |
| 0213050 | Ætihnúðar | (+) | **1,5** (*) **(+)** |
| 0213060 | Nípur | (+) | **6 (+)** |
| 0213070 | Steinseljurætur | (+) | **4 (+)** |
| 0213080 | Hreðkur | (+) | **40** |

| 1) | 2) | 3) | 4) |
|---|---|---|---|
| 0213090 | Hafursrætur | (+) | **1,5** (*) (+) |
| 0213100 | Gulrófur | (+) | **1,5** (*) (+) |
| 0213110 | Næpur | (+) | **1,5** (*) (+) |
| 0213990 | Annað (2) | (+) | **1,5** (*) |
| 0220000 | **Laukar** | (+) | |
| 0220010 | Hvítlaukur | (+) | **20** |
| 0220020 | Laukar | (+) | **40** |
| 0220030 | Skalottlaukar | (+) | **20** |
| 0220040 | Vorlaukar og pípulaukar | (+) | **10** |
| 0220990 | Annað (2) | (+) | **10** |
| 0230000 | **Aldingrænmeti** | (+) | |
| 0231000 | a) **Náttskuggaætt og stokkrósaætt** | (+) | |
| 0231010 | Tómatar | (+) | **70** |
| 0231020 | Paprikur | (+) | **70** |
| 0231030 | Eggaldin | (+) | **70** |
| 0231040 | Okrur | (+) | **1,5** (*) (+) |
| 0231990 | Annað (2) | (+) | **70** |
| 0232000 | b) **Aldin plantna af graskersætt með ætu hýði** | (+) | **80** |
| 0232010 | Gúrkur | (+) | |
| 0232020 | Smágúrkur | (+) | |
| 0232030 | Dvergbítar | (+) | |
| 0232990 | Annað (2) | (+) | |
| 0233000 | c) **Aldin plantna af graskersætt með óætu hýði** | (+) | **60** (+) |
| 0233010 | Melónur | (+) | (+) |
| 0233020 | Risagrasker | (+) | (+) |
| 0233030 | Vatnsmelónur | (+) | (+) |
| 0233990 | Annað (2) | (+) | (+) |

| 1) | 2) | 3) | 4) |
|---|---|---|---|
| 0234000 | d) **Sykurmaís** | (+) | **1,5** (*) |
| 0239000 | e) **Annað aldingrænmeti** | (+) | **1,5** (*) |
| 0240000 | **Kál (að undanskildum rótum og nýblöðum af plöntum af ættkvíslinni *Brassica*)** | (+) | |
| 0241000 | a) **Blómstrandi kál** | (+) | **50** |
| 0241010 | Spergilkál | (+) | |
| 0241020 | Blómkál | (+) | |
| 0241990 | Annað (2) | (+) | |
| 0242000 | b) **Kálhöfuð** | (+) | **2** |
| 0242010 | Rósakál | (+) | |
| 0242020 | Höfuðkál | (+) | |
| 0242990 | Annað (2) | (+) | |
| 0243000 | c) **Blaðkál** | (+) | **20** |
| 0243010 | Kínakál | (+) | |
| 0243020 | Grænkál | (+) | |
| 0243990 | Annað (2) | (+) | |
| 0244000 | d) **Hnúðkál** | (+) | **5** |
| 0250000 | **Blaðgrænmeti, kryddjurtir og æt blóm** | (+) | |
| 0251000 | a) **Salat og salatplöntur** | (+) | |
| 0251010 | Vorsalat/strábrúða | (+) | **150** |
| 0251020 | Salat | (+) | **200** |
| 0251030 | Breiðblaða salatfíflar | (+) | **150** |
| 0251040 | Karsi og aðrar spírur og sprotar | (+) | **150** |
| 0251050 | Vetrarkarsi | (+) | **150** |
| 0251060 | Klettasalat | (+) | **150** |
| 0251070 | Sinnepskál | (+) | **150** |
| 0251080 | Nýblöð af plöntum (þ.m.t. tegundum af ættkvíslinni *Brassica*) | (+) | **150** |
| 0251990 | Annað (2) | (+) | **150** |

| 1) | 2) | 3) | 4) |
|---|---|---|---|
| 0252000 | b) **Spínat og áþekk blöð** | (+) | |
| 0252010 | Spínat | (+) | **200** |
| 0252020 | Súpugull | (+) | **100** |
| 0252030 | Blaðbeðjur | (+) | **70** |
| 0252990 | Annað (2) | (+) | **70** |
| 0253000 | c) **Vínviðarlauf og áþekkar tegundir** | (+) | **1,5** (*) **(+)** |
| 0254000 | d) **Brunnperla** | (+) | **1,5** (*) **(+)** |
| 0255000 | e) **Jólasalat/salatfíflar** | (+) | **150** |
| 0256000 | f) **Kryddjurtir og æt blóm** | (+) | **300** |
| 0256010 | Kerfill | (+) | |
| 0256020 | Graslaukur | (+) | |
| 0256030 | Blöð af selleríi | (+) | |
| 0256040 | Steinselja | (+) | |
| 0256050 | Salvía | (+) | |
| 0256060 | Rósmarín | (+) | |
| 0256070 | Garðablóðberg | (+) | |
| 0256080 | Basilíka og æt blóm | (+) | |
| 0256090 | Lárviðarlauf | (+) | |
| 0256100 | Fáfnisgras | (+) | |
| 0256990 | Annað (2) | (+) | |
| 0260000 | **Belgávextir** | (+) | **1,5** (*) |
| 0260010 | Baunir (með fræbelg) | (+) | |
